

- **Tollflokkun**
- **Endurákvörðun**

Úrskurður nr.7/2001

Tollstjóri endurákvörðar gjöld af 36 vörusendingum er innihéldu leghús og drifása. Kærandi telur málsmeðferð tollstjóra ekki rétta og krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi, í öðru lagi er þess krafist að ríkistollanefnd úrskurði gagnaðila til greiðslu málskostnaðar og í þriðja lagi krefst kærandi þess að fram fari munnlegur málflytningur. Tollstjórinn í Reykjavík krefst þess að hin kærða endurákvörðun verði staðfest. Ríkistollanefnd fellst á kröfu kæranda hvað varðar ógildingu endurákvörðunarinnar en hafnaði kröfu hans um málskostnað og um munnlegan málflytning.

Lög 55/1987 1.mgr. 35.gr. 2.tl. 5.mgr. 99.gr. 100. gr. og 101. gr

Með bréfi, dags. þann 13. júlí 2001, sem barst nefndinni 16.s.m., kærir L., fyrir hönd J, úrskurð tollstjóra nr. 1/2001 frá 17. maí 2001. Í hinum kærða úrskurði er umbjóðanda kæranda gert að greiða endurákvörðuð aðflutningsgjöld af 36 tollafgreiðslum að upphæð 995.943. Kærandi gerir þá kröfu að endurákvörðuninni verði hrundið, honum verði úrskurðaður málskostnaður og að fram fari munnlegur málflytningur í málinu.

Umboðsmaður kæranda segir m.a. í kröfugerð að í október 2000 hafi tollstjóri framsent til kæranda ljósrit athugasemdar ríkistollstjóra, dags. 12. janúar 2000, til tollstjóra vegna tollafgreiðslu umbjóðanda síns og var handritað á fyrrgreint ljósrit „*Framsent til J. 10/10.*“ Í fyrrgreindu ljósriti komi m.a. fram að embættinu sé falið að endurákvörða aðflutningsgjöld tiltekinna tollafgreiðslna, sbr. 1.mgr. 35.gr. og 2.tl. 5.mgr. 99.gr. tollalaga. Ekki hafi fylgt með fyrrgreindu ljósriti gögn né bréf tollstjóra um að hann hefði í hyggju að endurákvörða aðflutningsgjöld, né að kæranda hafi verið gefinn kostur á að koma að sínum sjónarmiðum. Kæranda hafi því ekki verið ljóst hvað tollstjóri var að fara með því að senda honum í október s.l. ljósrit gagna er ríkistollstjóri hafði sent tollstjóra í janúar 2000. Kæranda hafi þó grunað hvað ríkistollstjóri ætti við, enda var á þeim tíma rekið ágreiningsmál nr. 3/2000 milli aðila fyrir ríkistollanefnd vegna ágreinings um tollflokkun á leghúsum og drifásam. Ríkistollanefnd kvað upp úrskurð í því máli þann 10. ágúst 2000 og staðfesti úrskurð tollstjóra um að leghús og drifása bæri að tollflokka í tnr.8708.9900 en ekki tnr. 8483.9000 og 8483.3000. Taldi kærandi því líklegt að í fyrrgreindri athugasemd ríkistollstjóra fælist beiðni til tollstjóra um að endurákvörða aðflutningsgjöld vegna innflutnings drifása og leghúsa á árinu 1999. Staðreyndin sé hins vegar sú að tollstjóri tilkynnti ekki kæranda að hann hefði í hyggju að endurákvörða gjöld aftur í tímann og framsending fyrrgreinds ljósrits athugasemda ríkistollstjóra var ekki tilkynning um einhverja slíka fyrirætlan. Þá hafi tollstjóri ekki upplýst kæranda að honum væri gefinn kostur á að tjá sig um endurákvörðun gjaldanna. Starfsmaður tollstjóra hafði samband við starfsmann kæranda og óskaði eftir gögnum aftur í tímann með breytingum til samræmis við úrskurð ríkistollanefndar. Skildi starfsmaðurinn beiðnina svo að óskað væri eftir gögnum til að tollstjóri gæti metið hvort skilyrði væru til endurákvörðunar og til að koma því ferli í gang sem boðið er sem aðdraganda endurákvörðunar aðflutningsgjalda. Vegna ítrekaðra óska tollstjóra voru honum send gögn um tollflokkun á árinu 1999 sem starfsmaður kæranda taldi að samræmst gæti úrskurði ríkistollanefndar, sem kærandi telur vera rangan. Voru þau gögn tekin

saman í formi tollskýrslna og send tollstjóra til leiðbeiningar og upplýsingar. Þá segir að þann 24. janúar 2001 hafi borist tilkynning frá tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda, er sögð var byggð á leiðréttum tollskýrslum. Hafi sú tilkynning tollstjóra komið vægast sagt mjög á óvart, enda hafi tollstjóri ekki áður tilkynnt að til stæði að endurákvæða aðflutningsgjöld, líkt og lög boða sem undanfara endurákvörðunar. Áréttað er að ekki voru lagðar inn til tollstjóra leiðréttar tollskýrslur heldur aðeins gögn á tollskýrsluformi til upplýsingar og leiðbeiningar. Kærandi telur að tollstjóri hafi samþykkt allar röksemdir hans í kæru dags.12. febrúar s.l., með því að kveða ekki upp rökstuddan úrskurð um kæru hans, sbr. 3.mgr. 100. gr. tollalaga og með því ekki sinnt skyldu sinni, skv.3. mgr.100. gr. tollalaga. Þá telur hann að tilkynning tollstjóra dags.14. mars s.l. um að til endurákvörðunar geti komið brjóti í bága við 3.mgr. 99.gr. tollalaga, enda sé í þeirri tilkynningu ekki lýst í meginatriðum þeim ástæðum er leiði til endurákvörðunar. Þá byggir kærandi á því að ekki séu lagaskilyrði til að endurákvæða honum aðflutningsgjöld, sbr. 2.tl. 5.mgr. 99.gr. tollalaga. Í tilkynningu tollstjóra frá 14. mars s.l. komi fram að um sé að ræða aðflutningsgjöld vegna innflutnings á varahlutum á árinu 1999. Kærandi bendir á að liðinn sé fyrir löngu sá 60 daga frestur sem tollstjóri hefði til að endurákvæða aðflutningsgjöld, sbr.2.mgr. 99.gr. tollalaga og ekki sé getið neins rökstuðnings fyrir því skilyrði 2.tl. 5.mgr. 99.gr. tollalaga um að vitneskja hafi legið fyrir um meinta rétta tollmeðferð vöru. Að lokum er á því byggt að tollflokkun vörunnar hafi verið rétt og að úrskurður ríkistollanefndar nr. 3/2000 sé því rangur.

Tollstjóranum í Reykjavík var send kæran til umsagnar, sbr. 4. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með bréfi þann 14. ágúst s.l. og frekari gögn þann 27. s.m. Í svari sem barst nefndinni þann 4. september s.l. segir m.a. að tollstjórinn í Reykjavík taki undir það með kæranda að ekki hafi verið alls kostar rétt staðið að málum í bréfi tollstjóra, dags. 24. janúar s.l. Aftur á móti getur tollstjórinn í Reykjavík ekki fallist á þær röksemdir kæranda að tollstjóri hafi samþykkt allar kröfur kæranda sem fram komu í bréfi, dags. 12. apríl s.l., þar sem enn hafi ekki verið úrskurðað í málinu. Staðreyndin sé sú að tollstjóri úrskurðaði efnislega um málið í úrskurði nr. 1/01 frá 17. maí s.l. Að vísu hafi í þeim úrskurði ekki verið tekið á meintum brotum á formreglum sem kærandi hélt fram í kæru sinni frá 12. febrúar s.l. Það hafi hins vegar komið fram í bréfi tollstjóra þann 14. mars s.l. að ekki hefði verið gætt réttra formreglna og frá og með þeim tímapunkti hafi málið verið sett í réttan farveg. Þar með telur tollstjórinn í Reykjavík að þarflaust hafi verið að fjalla um brot á umræddum formreglum í úrskurðinum dags. 17. maí s.l. enda málið í raun hafið á ný með bréfi tollstjórans þann 14. mars s.l. Þá telur tollstjórinn í Reykjavík að tollstjóri hafi fyllilega farið eftir tilmælum 3.mgr. 99.gr. tollalaga í bréfi sínu frá 14. mars s.l. enda komi fram í ákvæðinu að tollstjóri skuli tilkynna viðkomandi að til endurákvörðunar *geti komið*. Þetta orðalag ákvæðisins bendi til þess að ekki sé endanlega ákveðið á þessum tímapunkti að um raunverulega endurákvörðun verði að ræða. Tollstjóri kunni allt eins að geta komist að þeirri niðurstöðu, eftir að frekari rannsóknarvinna hafi farið fram, að til endurákvörðunar muni ekki koma. Krafa kæranda um að getið sé fjárhæðar aðflutningsgjalda í fyrirhugaðri endurákvörðun sé því óraunhæf þar sem slíkar fjárhæðir liggja ekki fyrir á þessu stigi málsins, enda ekki ljóst hvort til endurákvörðunar muni koma. Sú staða kunni jafnvel að geta komið upp í málum sem þessum að fallið verði frá endurákvörðun af hluta umræddra sendinga sem eru í athugun. Þá sé aðeins mælt fyrir um í umræddu ákvæði að tollstjóri eigi að lýsa í *meginatriðum* þeim ástæðum sem hann telur að eigi að leiða til endurákvörðunar. Í bréfi tollstjóra frá 14. mars s.l. segir orðrétt: „tollflokkun á umræddum skýrslum telst vera röng að hluta, og vísast þar til þess sem þegar hefur verið úrskurðað um tollflokkun leghúsa og drifása, sem J., flytur inn, sbr. úrskurð ríkistollanefndar, dags. 10. ágúst 2000.“ Að mati tollstjórans í Reykjavík telst framangreind lýsing fullnægja þeim áskilnaði greinarinnar að ástæðum fyrirhugaðrar endurákvörðunar sé lýst í meginatriðum. Andmælaréttur kæranda er og tryggður í umræddu bréfi og honum bent á að framvísa gögnum sem hann telur

máli kunna að skipta innan tiltekins frests. Embættið telur með vísan til framangreinds að skilyrði 3.mgr. 99.gr. tollalaga hafi verið uppfyllt í bréfi tollstjóra þann 14. mars s.l. Þá segir í kröfugerð tollstjórans í Reykjavík að orðalag 2.tl. 5.mgr. 99.gr. „vitað eða mátt vita“ feli ekki í sér að aðili þurfi að vita um rétta tollmeðferð vöru heldur nægir að hann hafi *mátt* vita það. Slík skírskotun sé almenn og verði að meta í hverju tilviki fyrir sig. Í þessu tilviki mat tollstjóri það svo að forsvarsmenn J, hefðu mátt vita um rétta tollflokkun viðkomandi vöru. Þá segir að í úrskurði ríkistollanefndar nr. 3/2000 sýni nefndin fram á að umrædd vara, nánar tiltekið drifásar og leghús, væri ætluð sem varahlutir í bifreiðar. Í málinu sé upplýst að kærandi hefur flutt inn ýmsa varahluti í atvinnuskyni síðustu ár og er því ekkert óeðlilegt við það mat sýslumanns að kæranda hefði mátt vera ljós, rétt flokkun varanna. Tollstjórinn í Reykjavík tekur undir það með kæranda að ekki sé hægt að endurákvæða sömu gjöld tvisvar og afturkalla verði fyrri ákvörðun svo hægt sé að taka nýja. Líta verði svo á að með bréfi sínu, dags. 14. mars s.l., hafi tollstjóri afturkallað fyrri ákvörðun sína. Í 2.tl. 25.gr. s.l. kemur fram að stjórnvald geti afturkallað ákvörðun sína að eigin frumkvæði, sem tilkynnt hefur verið aðila máls, þegar ákvörðun er ógildanleg. Um var að ræða ákvörðun sem ekki var sett fram með lögformlegum hætti, sbr. 3.mgr. 99.gr. tollalaga og var hún því ógildanleg. Tollstjóra var því ekki aðeins heimilt heldur í raun skylt að afturkalla fyrri ákvörðun sína eins og hann gerði með bréfi sínu, dags. 14. mars s.l. Í þessu máli var hin fyrri ákvörðun í raun aldrei tekin með lögmætum hætti, þ.e. með úrskurði líkt og 4.mgr. 99.gr. tollalaga nr. 55/1987 mælir fyrir um. Fyrri ákvörðun tollstjóra var því ógild frá upphafi. Þegar það er haft í huga er ekki hægt að fallast á að tollstjóri hafi tekið sömu ákvörðun tvisvar enda fór hin raunverulega endurákvörðun fyrst fram með úrskurði hans frá 17. maí s.l. Ljóst sé, með vísan til framangreinds, að úrskurður tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 17. maí s.l., sé fullgildur. Varðandi það atriði að þótt talið yrði að skilyrði 2.tl. 5.mgr. 99.gr. tollalaga hafi verið fyrir hendi, hafi verið liðinn sá frestur sem tollstjóri hafði til að endurákvæða gjöldin, sbr. meginreglu 2. og 3.mgr. 99.gr. tollalaga vill tollstjórinn í Reykjavík taka fram að ákvæði 2.mgr. 99.gr. komi ekki til skoðunar í þessu sambandi enda komi fram í 5.mgr. 99.gr. tollalaga að þrátt fyrir ákvæði 2.mgr. 99.gr. sé tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, þ.á m. í ákvæði 2.tl. 5.mgr. 99.gr., talið frá tollafgreiðsludegi enda sé gætt ákvæða 3. og 4.mgr. 99.gr. eftir því sem við eigi. Sá frestur sem nefndur er í 2.mgr. 99.gr. (60 dagar) komi því ekki til álita samkvæmt þessu. Í 5.mgr. 99.gr. tollalaga komi fram að gæta eigi ákvæða 3.mgr. *eftir því sem við á.* Það sé ljóst að fyrirmæli 3.mgr. 99.gr. tollalaga þar sem segi að tollstjóri skuli senda tilkynningu um að til endurákvörðunar geti komið eigi síðar en 45 dögum frá því að afhending vöru var heimiluð, eigi ekki við með beinum hætti þegar endurákvæðað er sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi. Samkvæmt því sem að framan greinir byrjuðu engir lögbundnir frestir að líða þegar ríkistollstjóri sendi tollstjóra athugasemd þann 12. janúar 2000. Það megi hins vegar gera ráð fyrir því að tollstjóri hefjist handa við endurákvörðun um leið og hann hefur safnað saman öllum nauðsynlegum gögnum eða í beinu framhaldi af því, samkvæmt almennum reglum stjórnarsýsluréttar. Tollstjórinn í Reykjavík telur aðfinnsluvert að ákvæðis 3.mgr. 99.gr. tollalaga nr. 55/1987 hafi ekki verið gætt þegar tollstjóri sendi kæranda bréf þann 24. janúar s.l. og tilkynnti um endurákvörðunina. Embættið telur þó ekki vera fullnægjandi ástæðu til þess að úrskurðurinn verði ógiltur þar sem bætt hafi verið úr framangreindum ágöllum með bréfi dags. 14. mars s.l. Hvað dráttarvexti varðar telur embættið þó að tillit verði að taka til þess hve málið hefur dregist og fer fram á að dráttarvextir reiknist á aðflutningsgjöld frá og með úrskurði tollstjóra nr. 1/01, dags. 17. maí s.l. Með vísan til ofanritaðs krefst tollstjórinn í Reykjavík að hinn kærði úrskurður 1/01, frá 17. maí s.l., verði staðfestur að frátalinni kröfu um dráttarvexti.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að ákveðið sé að endurákvæða aðflutningsgjöld af vörum sem tollflokkaðar voru í tnr. 8483.9000 og 8483.3000 í þeim tollskýrslum sem að neðan greinir, og að við endurákvörðun aðflutningsgjalda af umræddum vörum skuli miða við að vörurnar

tollflokkist í tnr. 8708.9900, en nánar tiltekið er um að ræða aðflutningsskýrslur sem bera eftirtalin sendingarnúmer:

F 614 01 01 9 US JFK W295	F 614 06 01 9 US JFK W345
F 614 07 01 9 US JFK W350	F 614 08 01 9 US JFK W369
F 614 31 01 9 US JFK W981	F 614 31 01 9 US JFK W992
F 614 05 02 9 US JFK W212	D 779 21 02 9 US NYC W352
F 614 28 02 9 US JFK W569	D 779 28 02 9 US NYC W599
F 614 04 03 9 US JFK W683	F 614 04 03 9US JFK W685
F 614 17 03 9 US JFK W193	F 614 25 03 9 US JFK W518
F 614 28 03 9 US JFK W656	F 614 28 03 9 US JFK W655
F 614 11 04 9 US JFK W062	F 614 22 04 9 US JFK W470
F 614 06 05 9 US JFK W966	D 779 30 05 9 US NYC W822
F 614 31 05 9 US JFK W808	F 614 03 06 09 US JFK W915
D 779 06 06 9 US NYC W099	F 614 12 06 9 US JFK W310
F 614 20 06 9 US JFK W530	F 614 23 06 9 US NYC W641
F 614 30 06 9 US JFK W827	F 614 08 07 9 US JFK W068
F 614 11 07 9 US JFK W166	F 614 18 07 9 US JFK W388
F 614 24 07 9 US JFK W605	F 614 27 07 9 US JFK W627
F 614 27 07 9 US JFK W629	F 614 31 07 9 US JFK W726
F 652 10 08 9 US MSP W051	S 779 15 08 9 US NYC W246

Þá segir að ákvörðun þessi byggi á því að upphafleg tollflokkun innflytjanda í umræddum aðflutningsskýrslum hafi verið röng að hluta, þ.e. vörur sem tollflokkaðar voru í tnr.8483.9000 og 8483.3000 hafi átt að tollflokka í tnr. 8708.9000, sbr. úrskurð ríkistollanefndar nr. 3/2000, dags. 10. ágúst 2000. Af hálfu J, er því haldið fram að tilvitnaður úrskurður ríkistollanefndar sé rangur. Tollstjóri bendir á að úrskurður nefndarinnar gildi uns dómur hefur gengið sem breytir niðurstöðu hennar, sbr. ákvæði 7.mgr. 101.gr. tollalaga nr. 55/1987. Þá segir í hinum kærða úrskurði að vörur þær sem um ræðir og tollflokkaðar voru í tnr. 8483.9000 og 8483.3000 hafi átt að tollflokka í tnr. 8708.9900. Samkvæmt ákvæði 2.tl. 5.mgr. 99.gr. tollalaga sé heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru. Telja verði að forsvarsmenn J. hafi mátt vita um rétta tollflokkun viðkomandi vöru, en um ræðir varahluti, leghús og drifása, sem að mati ríkistollanefndar hefur verið sýnt fram á að ætlaðir eru sem varahlutir í bifreiðar, sbr, áður tilvitnaðan úrskurð ríkistollanefndar. Telja verður að varahlutir þessir hafi alla tíð verið ætlaðir í bifreiðar og innflytjandanum hafi því mátt vera ljóst, er hann stóð að innflutningi þeim sem um ræðir í máli þessu, að flokka bæri þá sem slíka í aðflutningsskýrslum.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir þau gögn sem lögð hafa verið fram. Mál það sem hér er til meðferðar snýst um það hvort tollstjóra hafi verið heimilt að endurákvæða gjöld af 36 vörusendingum sem J. flutti inn á árinu 1999 hjá embættinu. Kröfur kæranda eru þrjúþættar. Í fyrsta lagi gerir kærandi kröfu um að úrskurður tollstjóra nr. 1/01 dags. 17. maí 2001 verði felldur úr gildi. Í öðru lagi krefst kærandi þess að ríkistollanefnd úrskurði gagnaðila til greiðslu málskostnaðar. Í þriðja lagi krefst kærandi þess að fram fari munnlegur málflutningur. Að því er varðar kröfu kæranda um að fram fari munnlegur málflutningur skal tekið fram að slíkt er alfarið háð mati ríkistollanefndar hverju sinni. Tollalögin sbr. 8. mgr. 101. gr. gera ráð fyrir því að ríkistollanefnd geti ákveðið munnlegan málflutning ef mál er flókið eða yfirgripsmikið. Að mati ríkistollanefndar er ekki þörf á að láta fara fram munnlegan málflutning í máli þessu og er kröfu kæranda því hafnað. Þá er hafnað kröfu kæranda um að ríkistollanefnd úrskurði um málskostnað

þegar af þeirri ástæðu að nefndina skortir lagaheimild til þess. Kærandi heldur því fram að úrskurður ríkistollanefndar nr. 3/2000 dags. 10. ágúst 2001 sé rangur, án þess að færa nein frekari rök til stuðnings þeirri fullyrðingu. Úrskurður nefndarinnar er fullnaðarúrskurður á stjórnslustigi og gildir uns dómur hefur gengið sem breyti niðurstöðu nefndarinnar, sbr. ákvæði 7.mgr. 101.gr. tollalaga nr. 55/1987. Um efniskröfu kæranda að úrskurður tollstjóra frá 17. maí 2001 verði felldur úr gildi skal eftirfarandi tekið fram. Fyrir liggur að upphafleg afgreiðsla tollstjóra á málinu var ekki í samræmi við 99. gr. tollalaga. Verður að átelja þessa afgreiðslu á málinu, sem ein og sér leiðir þó ekki til ógildingar endurákvörðuninni. Með bréfi sínu dags 14. mars s.l. kom tollstjóri málinu í formlega réttan farveg. Verður að líta svo á að þar með hafi tollstjóri upphafið ákvörðun sína í bréfi dags. 24. janúar 2001. Endurákvörðun tollstjóra tekur til 36 nánar tilgreindra vörusendinga sem fluttar voru til landsins af kæranda á árinu 1999 og tollafgreiddar voru með almennri tollafgreiðslu. Ekkert liggur annað fyrir í máli þessu en kærandi hafi framvísað fullnægjandi gögnum við innflutning vörusendinganna. Um þau rök tollstjóra og tollstjórans í Reykjavík að kærandi hafi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vörunnar, og þurfi því að sæta endurákvörðun, enda þótt meira en 60 dagar séu liðnir frá heimild til afhendingar vöru, ber að hafa eftirfarandi í huga. Óumdeilt er að við innflutning umræddra vörusendinga á árinu 1999 hafði kærandi hvorki leitað Bindandi álits tollstjóra um tollflokkun vörunnar né hafði gengið úrskurður tollstjóra og/eða ríkistollanefndar um tollflokkun hennar. Formlegur úrskurður tollstjóra um tollflokkun vörunnar liggur fyrir þann 26. janúar 2000, sem staðfestur er af ríkistollanefnd með úrskurði nr. 3/2000 þann 10. ágúst 2000. Eins og hér hefur komið fram snýst ágreiningur um réttmæti endurákvörðunar tollstjóra um túlkun á 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum. Með tilgreindum tollalögum var heimild tollstjóra til að endurákvæða gjöld vegna innflutnings vöru þrengd verulega. Það er ótvíræð meginregla skv. 99. gr. tollalaga að hafi innflytjandi látið tollstjóra í té við tollafgreiðslu fullnægjandi upplýsingar og eftir atvikum, gögn sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á skal tollstjóri hafa lokið endurákvörðun aðflutningsgjalda innan 60 daga talið frá heimild til afhendingar vöru til að gera athugasemdir við innflutninginn sem e.a. kynni að leiða til breyttrar gjaldtöku á vörunni. Þessi sami frestur gildir raunar einnig fyrir innflytjanda vörunnar. Frá þessari meginreglu eru síðan nokkrar undantekningar sem ekki eru til staðar í þessu máli að mati ríkistollanefndar. Það er mat ríkistollanefndar að miðað við framlögð gögn og gegn andmælum kæranda hafi tollstjóri og/eða tollstjórinn í Reykjavík ekki sýnt fram á að kærandi hafi vitað eða mátt vita um rétta tollflokkun þeirra vörusendinga sem mál þetta snýst um þegar innflutningur átti sér stað. Það er fyrst þann 26. janúar 2000, þegar úrskurður tollstjóra liggur fyrir, sem hægt er að fullyrða að kærandi hafi vitað um rétta tollflokkun vörunnar. Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er hinn kærði úrskurður tollstjóra um endurákvörðun gjalda af nánar tilgreindum 36 vörusendingum felldur úr gildi.